



Reglur um Ungmennaráð Skaftárhrepps sbr. lög. nr. 70/2007

1. gr. Hlutverk Ungmennaráðs:

- að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum
- að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Skaftárhreppi.
- að gera tillögur til Velferðarráðs og sveitarstjórnar um hvernig best væri að standa að forvarnarmálum ungmenna.
- að leggja fram tillögur um það hvernig æskilegt væri að haga starfsemi stofnana sveitarfélagsins
- að gera tillögur um þátttöku ungmenna í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.

2. gr. Skipun Ungmennaráðs:

- Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Skaftárhrepps auglýsir eftir umsóknum í ráðið fyrir hönd Velferðarráðs.
- Sveitarstjórn Skaftárhrepps skipar í ráðið að fengnum tillögum frá Velferðarráði.
- Ráðið skal skipað þremur aðalmönnum og þremur varamönnum.
- Leitast skal eftir því að hafa alltaf a.m.k. einn fulltrúa með reynslu í ráðinu.
- Meðlimir Ungmennaráðs skulu hafa lögheimili í Skaftárhreppi og vera á aldrinum 12-18 ára.
- Ráðið kys sér sjálft formann, varaformann og ritara.
- Ráðið skal starfa frá 1. október ár hvert og gildir skipun í ráðið í eitt ár.

3. gr.

Ungmennaráð Skaftárhrepps skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungmenna í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu. Til þess að svo megi verða getur Ungmennaráð t.d. staðið fyrir opnum fundum, ungmennahringum og öðrum viðburðum sem eru líklegir til að draga fram sjónarmið ungs fólks í sveitarfélaginu.

- Ungmennaráð skal funda að lágmarki 4 sinnum yfir skólaárið á skipunartíma sínum.
- Dagskrá funda er ákveðin af formanni Ungmennaráðs í samráði við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Skaftárhrepps.
- Velferðarráð og Ungmennaráð skulu halda sameiginlegan fund a.m.k. einu sinni á skipunartíma Ungmennaráðs en oftast ef þurfa þykir. Ungmennaráð skal funda einu sinni á skipunartíma sínum með sveitarstjórn.
- Kostnaður vegna starfsemi Ungmennaráðs greiðist úr sveitarsjóði, fer samkvæmt fjárhagsáætlun og er háður samþykki sveitarstjóra.
- Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.



- Fundir Ungmennaráðs skulu skráðir og skal fundargerð send til sveitarstjórnar. Fundargerðir Ungmennaráðs skulu vera opinberar og aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Um starfshætti Ungmennaráðs fer samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eftir því sem við á.
- Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi er tengiliður Ungmennaráðs við stjórn sveitarfélagsins og til Velferðarráðs. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar í málum sem ráðið tekur til umfjöllunar.

Staðfest af sveitarstjórn Skaftárhrepps á 513. fundi hennar þann 13. nóvember 2024.


Einar Kristján Jónsson
sveitarstjóri

